



Fundargerð hreppsnefndar 18. apríl 2013

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 18. apríl 2013 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Þórunn Egilsdóttir, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Bárður Jónasson. Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 11. apríl sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 11. apríl sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða. með 7 atkv.

2. mál. Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 10. apríl sl.

Lögð fram fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar frá 10. apríl sl. Hreppsnefnd lýsti ánægju sinni með fjarskiptahús á Rjúpnafelli og bætt fjarskipti samanber 3. tl. fundargerðarinnar.

Fundargerðin samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

3. mál. Fundargerð stjórnar Arnarvatns ehf. frá 9. apríl sl.

Lögð fram fundargerð stjórnar Arnarvatns frá 9. apríl sl. Nokkrar umræður urðu um fyrirbyggjandi fundargerð og varpað fram nokkrum fyrirspurnum, sem var svarað.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

4. mál Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta fyrir árið 2012.

-Síðari umræða.-

Fyrri umræða ársreikninga Vopnafjarðarhrepps fór fram 11. apríl sl., og voru þá til umræðu ársreikningar A- og B-hluta fyrir árið 2012, sundurliðanir ársreiknings, endurskoðunarskýrsla KPMG og greinagerð sveitarstóra með ársreikningum 2012. Á þann fund var einnig mættur löggiltur endurskoðandi KPMG, Magnús Jónsson, gerði hann grein fyrir endurskoðunarvinnum sinni, endurskoðunarskýrslu og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Öll þessi gögn eru til umfjöllunar hér í dag við síðari umræðu ársreikninga ársins 2012.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi gögnum og skýrði helstu stærðir í ársreikningum. Að öðru leyti vísaði hann til ársreikningsins, greinargerðar sinnar með reikningunum, skýringa og gagna KPMG.

Í ársreikningunum kemur meðal annars fram að:

“Heildartekjur samstæðunnar allrar voru 668,9 m. kr., en heildarútgjöld hennar þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta að fjárhæð 46,2 m. kr., voru 556,1 m.kr. **Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var því jákvæð í samstæðunni um 112,8 m.kr.**

Að teknu tilliti til niðurstöðu fjármunatekna og –gjalda, að fjárhæð 40,2 m.kr., í gjöld umfram tekjur, kemur í ljós að **samstæðan öll var rekin með 72,5 m. kr. hagnaði árið 2012.**

Í sjóðstreymi samstæðunnar sést þegar leiðrétt hefur verið fyrir afskriftum, verðbótum -og gengismun, og skuldbindingum að **veltufé frá rekstri er jákvætt um 149,6 m.kr.**, sem er 22,4 % af heildartekjum og þegar breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum eru meðreiknaðar er

handbært fé frá rekstri jákvætt um 113,4 m.kr. Þetta fjármagn gengur til greiðslu á fjárfestingum og afborgunum lána samtals að fjárhæð 149,5 m.kr..

Handbært fé í árslok ársins 2012 er 120,0 m.kr. en var í upphafi ársins 156,1 m. kr. og lækkaði því á árinu um 36,1 m.kr.

Hinn hefðbundni rekstur sveitarfélagsins, þ.e. laun og rekstrargjöld, hækkar um liðlega 9,8 % eða úr 464,1 m. kr. 2011 í 509,9 m.kr. árið 2012. Heildargjöld að teknu tilliti til fjármagnsgjalda/tekna hækka um 263 % eða úr 364,4 m.kr. 2011 í 596,3 m.kr. árið 2012. Þetta skýrist af langstærstum hluta af því að sveitafélagið seldi eignarhlut sinn í HB Granda á árinu 2011. Af þeim sökum voru fjármagnsliðir jákvæðir um 144,5 m.kr. árið 2011, samanborið við 40,5 í gjöld árið 2012.

Í samstæðunni í heild voru greidd niður lán að fjárhæð 50,3 m. kr. á árinu. Í nýjum sveitarstjórnarlögum, sem tóku gildi 1. janúar 2012 er lögð sú lína að hlutfall heildarskulda af tekjum megi ekki fara yfir 150 % af heildartekjum og er sveitarfélögum gefinn 10 ára aðlögunartími til þess að ná því marki. Í ársreikningi Vopnafjarðarhrepps árið 2012 er þetta skuldahlutfall 100,8 %. Annað viðmið, sem sett hefur verið fram í reglugerð nr. 502/2012 er svokallað skuldaviðmið, sem er 87,7 % í ársreikningi 2012. Vopnafjarðarhreppur er því vel undir þeim viðmiðum sem sett eru fram í umgetinni reglugerð hvort heldur horft er til skuldahlutfalls eða skuldaviðmiðs eins og þau eru skilgreind.

Engin ný lán voru tekin á árinu 2012. Skuldir og skuldbindingar lækka í heild úr 717,0 m. kr. í 675,0 m.kr. eða um 42,0 m. kr.“

Nokkrar umræður urðu um ársreikningana og önnur fyrirliggjandi gögn, þar sem fundarmenn lýstu skoðunum sínum. Voru nefndarmenn almennt sáttir við rekstur sveitarfélagsins, tekist hafi vel að halda utan um kostnaðarliðina og að væntingar um tekjur hafi fyllilega staðist.

Sveitarstjóri svaraði síðan framkomnum fyrirspurnum fundarmanna.

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2012 A- og B- hluta var síðan borinn upp til samþykktar. Samþykktur samhljóða með 7 atkvæðum.

5. mál. Sundabúð, legudeild. Rætt verður um hvernig best verður staðið að rekstri deildarinnar eftir yfirtöku Vopnafjarðarhrepps á rekstrinum af ríkinu.

Miðvikudaginn 17. apríl 2013 var skrifað undir samning um yfirtöku Vopnafjarðarhrepps á rekstri legudeildarinnar að Sundabúð, Vopnafirði af ríkissjóði. Um er að ræða tilraunaverkefni til tveggja ára, sem skoðað verður að fenginni reynslu að þeim tíma liðnum. Nú reynir því á heimaaðila að standa saman að því að láta reksturinn ganga upp og skoða möguleika á hagræðingu og samnýtingu starfskrafta.

Miklar umræður urðu um þessi mál, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Flestir voru þeirrar skoðunar að nauðsynlegt væri að skipa stjórn eða framkvæmdaráð sem hefði það verkefni að leita að bestu lausnum í rekstrinum í samvinnu við framkvæmdastjóra, starfsfólk og aðra þá aðila sem nauðsynlegt er að kalla til í þessum efnum.

Mikilvægt er að slíkri vinnu verði komið af stað eins fljótt og auðið er. Samkomulag varð um það að kjósa þriggja manna framkvæmdaráð eða stjórn úr hópi sveitarstjórnarmanna, tvo úr meirihluta og einn frá minnihluta.

Kosning fari fram á næsta fundi hreppsnefndar.

6. mál. Tilboð í verkið "Nýlagnir og yfirlagnir með malbiki á Vopnafirði 2013."

Tekin fyrir tilboð í verkið "Nýlagnir og yfirlagnir með malbiki á Vopnafirði 2013", sem boðið hafði verið út til samræmis við útboðsgögn. Tilboð bærust frá eftirtöldum tveimur aðilum:

- | | | |
|----|---|----------------|
| 1) | Hlaðbær Colas | kr. 89.310.600 |
| 2) | KM Malbik | kr. 85.845.000 |
| 3) | Kostnaðaráætlun hefur ekki verið unnin. | |

Samkvæmt útboðsgögnum skal verkinu lokið eigi síðar en 15. júlí nk.

Gerð var grein fyrir fyrirbyggjandi tilboðum og útboðsgögnum og kom þar fram að tilboðin hafa verið yfirreiknuð og engar breytingar hefðu orðið á tilboðunum í þeirri vinnu.

Í framhaldi urðu umræður um málið, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Ljóst er að hér er um mjög stórt verk að ræða miðað við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2013. Af þeim sökum töldu menn mikilvægt að vanda vel til viðræðna við verkataka og ræða við Vegagerðina um þátttöku hennar, vegna þeirra kafla sem malbika á og teljast til þjóðvega í þéttbýli.

Lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að ræða við lögstjóðanda um gerð verksamnings um malbikunarframkvæmdir á Vopnafirði á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs. Samningsdrög verði síðan lögð fyrir sveitarstjórn til endanlegrar samþykktar. Í þessari vinnu er mikilvægt að fyrir liggi þátttaka Vegagerðarinnar.”

Fyrirbyggjandi tillaga var síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

7. mál. Bréf 1. og 2. bekkjar Vopnafjarðarskóla, varðandi umferðaröryggi í umhverfi skólans. Lagt fram bréf, sem nemendur í 1. og 2. bekk Vopnafjarðarskóla færðu sveitarstjóra, varðandi merkingar og aðrar úrbætur í umferðarmálum bæði gangandi og akandi í nágrenni skólans. Samþykkt var að fela sveitarstjóra að láta vinna heilstæðar tillögur í þessum efnum, samhliða tillögu að lagfæringu á bílastæðum við leikskólann, sem lagfæra á í upphafi sumars. Tillögurnar verði einnig kynntar í skipulags- og fræðslunefnd.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

8. mál. Bréf Skipulagsstofnunar frá 8. apríl sl., varðandi skipulagsskilmála.

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar frá 8. apríl sl, er lýtur að skipulagsskilmálum á deiliskipulagi í umhverfi grunnskóla. Í bréfinu beinir stofnunin því til skipulagsyfirvalda að hugsanlega þurfi að breyta skipulagsskilmálum ef sveitarstjórn ákveður að grunnskólar í sveitarfélaginu skuli aðeins þjónusta ákveðna árganga grunnskólabarna.

Sveitarstjóra falið að láta kanna hvort þetta á við í deiliskipulagi Vopnafjarðarskóla og láta breyta deiliskipulaginu ef þetta á við.

Að athuguðu máli töldu fundarmenn að þetta ætti ekki við á Vopnafirði.

9. mál. Bréf Heilbrigðiseftirlits Austurlands, varðandi samþykkt eftirlitsins, varðandi hreinsun á fráveitu frá atvinnustarfssemi.

Lagt fram bréf Heilbrigðiseftirlits Austurlands dags. í apríl 2013, varðandi mengunarvarnir fyrirtækja á starfssvæði HAUST.

Samþykkt að fela sveitarstjóra og forstöðumanni áhaldahúss að fara yfir þessi mál þar sem við á í starfssemi sveitarfélagsins og ennfremur að ítreka þessa fresti hjá fyrirtækjum í sveitarfélaginu, þar sem þetta á við.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

10. mál. Endurskoðun á samningum um bílaleigu og sérsamningar, ásamt verðlistum.

Gerð grein fyrir endurnýjun og lagfæringu á samningi sveitarfélagsins við Bílaleigu Akureyrar og sérsamningum í því sambandi.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að kynna samkomulagið meðal forstöðumanna stofnana sveitarfélagsins og starfsfólki.

11. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð GáF ehf. frá 9. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

b) Yfirlýsing sveitarfélaga á Asturlandi um almenningssamgöngur.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.17.39